

Rýmingaráætlun vegna bruna í skólahúsnæði Háaleitisskóla

Aðbúnaður.

1. Í Háaleitisskóla er brunaviðvörðunarkerfi sem er tengt við Securitas.
2. Í skólanum eru útiljós og neyðarlýsingar.
3. Flóttaleiðir eru tvær eða fleiri úr hverju kennslurými.
4. Skólabyggingin er ein brunasamstæða með þrem brunahólfum.
5. Í hverri kennslustofu eru nafnalistar og litaspjöld.
6. Nauðsynlegt er að kennarar og starfsfólk skólans kynni sér þær áætlanir sem eru til staðar um viðbrögð við eldsvoða eða jarðskjálfta.
7. Starfsfólk kynni sér staðsetningu söfnunarsvæða svo og brunahólfanir byggingarinnar.

Viðbragð við brunaboði!

1. Umsjónarmaður fasteignar eða skólastjóri/aðstoðarskólastjóri aðgæta á stjórnstöflu brunaviðvörðunarstöðvarinnar hvaðan brunaboð koma.
2. Securitas hefur samband við umsjónarmann fasteignar eða skiptiborð og tilkynnir síðan til slökkviliðs hvers eðlis brunaboðið er.
3. Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri eða ritari tekur með sér nemendaskrá, stundaskrár, aðstandendalista og forfallaskrá.
4. Kennarar undirbúa rýmingu, raða nemendum upp í stafrófsröð, kanna hvort flóttaleiðir séu opnar/ greiðfærar.
5. Ef bjallan þagnar fljótlega eftir að hún fer af stað er um bilun eða falsboð að ræða.
6. Alltaf skal undirbúa útgöngu nemenda, en ekki er farið út fyrr en við fulla hringingu.
7. Ef um falsboð er að ræða er það tækifæri fyrir kennara að ræða við nemendur um eldvarnir og sameiginlega ábyrgð.

8. Ef bjallan fer aftur í gang skal rýma skólann. Nemendur fara út úr stofunni í röð ásamt kennara og stuðningsfulltrúa, sé hann til staðar.
9. Nemendur fara í skó ef hægt er.
10. Kennari tekur með sér viðbragðsáætlun, nafnalista og litaspjöld.
11. Kennari/skólaliði gengur úr skugga um að öllum hurðum sé lokað á eftir þeim, en ekki læstar.
12. Brýna fyrir nemendum að ekki má fara heim þó þeir búi nálægt skóla.
13. Nemendur ganga út, í röð á eftir kennara sínum, á söfnunarsvæðið eða í annað brunahólf. Bannað að hlaupa.
14. Þegar komið er á söfnunarsvæðið, eða í annað brunahólf, hefur hver hópur sitt afmarkaða söfnunarsvæði.
15. Kennarar fara yfir nemendalista.
16. Kennari gefur merki hvort allir nemendur séu komnir, grænt kort, eða hvort það vanti nemenda, rautt kort.
17. Umsjónamenn söfnunarsvæðanna eru aðstoðarskólastjóri og umsjónarmaður fasteignar.
18. Slökkvilið kemur á staðinn og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða húsvörður tekur á móti því og gefur upplýsingar og stöðu mála.
19. Securitas, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða umsjónarmaður fasteignar segir hvar best sé að koma að miðað við hvar eldur er laus.



Söfnunarsvæði

1. Söfnunarsvæðið fyrir nemendur skólans er á leiksvæðinu sunnan við skólahúsnæðið. Nemendum er raðað í raðir samkvæmt sínum aldri, fyrst 1. bekkur, svo 2. bekkur osfrv.
2. Ef veðurfar er slæmt þá skal kanna hvort það sé hægt að færa á milli brunahólfa þ.e.a.s. fara með nemendur í íþróttahúsið.

Hvar er best að koma að skólanum

